

**Nd. 71. Frumvarp til laga [41. mál]**

um viðauka við lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

**1. gr.**

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

**2. gr.**

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda landbúnaðarvara og neytenda, skal, á grundvelli ákvæðis 1. gr., ákveða afurðaverð til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af framleiðsluráði landbúnaðarins, en þrír af stjórnnum eftirtalinna samtaka neyt-

enda: Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags Reykjavíkur.

Hagstofustjóri skal vera nefndinni til aðstoðar.

### 3. gr.

Sex manna nefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum um slíkan verðlagsgrundvöll, þá skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

Samhliða því að sex manna nefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsg. þessarar gr., skal framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara og um smásöluálagningu, til verðlagningar á söluvörum landbúnaðarins frá byrjun viðkomandi verðlagsárs. Jafnframt skal framleiðsluráð leggja fyrir nefndina tillögu um hækkanir á söluverði kindakjöts og garðávaxta vegna geymslukostnaðar á verðlagsárinu. Sex manna nefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og um geymslukostnað kindakjöts og garðávaxta.

Nú næst ekki samkomulag í sex manna nefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsg. þessarar gr., eða varðandi verðlagningu söluvara samkvæmt 2. málsg. þessarar gr., og skal þá vísa ágreiningsatriðum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum framleiðenda í sex manna nefnd, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni. Yfirnefnd fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.

Ákvæðin um yfirnefnd gilda meðan verð landbúnaðarvara er greitt niður með opinberu fé eða greiddar eru útflutningsuppbætur á þær.

### 4. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda samkvæmt 3. gr. gildir fyrir eitt ár í senn frá byrjun hvers verðlagsárs 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi í sex manna nefnd. Verðlagsgrundvöllur hvers árs framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða fulltrúum neytenda fyrir 1. marz á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af sex manna nefnd.

### 5. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. ágúst ár hvert afla fullnægjandi gagna handa sex manna nefnd um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og um afurðamagn, svo og um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal á ári hverju afla fullnægjandi gagna um dreifingar- og vinnslukostnað landbúnaðarvara og leggja þau fyrir sex manna nefnd svo tímanlega, að verðlagningu samkvæmt 3. gr. geti verið lokið á tilsettum tíma, sbr. ákvæði 4. gr.

### 6. gr.

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. marz og 1. júní, vegna breytingar kaupgreiðsluvísitölu eða vegna hækkunar grunnkaups, í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl. Nú telur fram-

leiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt nefndu lagaákvæði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar, og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

Nú telur framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvöru til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar, og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

#### 7. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. september, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim auka-kostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garð-ávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti sem framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði, samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar gr., skal það án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar, og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

#### 8. gr.

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

#### 9. gr.

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. málsg. þessarar gr.

#### 10. gr.

Kostnaður við framkvæmd þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun og úrvinnslu gagna, sem það leggur fyrir sex manna nefnd.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld öll eldri lagaákvæði, er brjóta í bág við þessi lög.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara fyrir verðlagsárið 1. september 1959—31. ágúst 1960 skal ákveðinn eftir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði 1. og 3. málsgr. 3. gr. þessara laga. Jafnframt skal ákveða söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsgr. 3. gr. þessara laga.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem hér fer á eftir:

### Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að samkomulag hafi náðst milli fulltrúa neytenda og fulltrúa framleiðenda um það, hvernig ákveða skuli framleiðslukostnað og verðlagningu landbúnaðarvara, og að nauðsyn beri til að setja viðauka við lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., í samræmi við þetta samkomulag.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

#### 2. gr.

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda landbúnaðarvara og neytenda, skal, á grundvelli ákvæðis 1. gr., ákveða afurðaverð til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af framleiðsluráði landbúnaðarins, en þrír af stjórnnum eftirtalinna samtaka neytenda: Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags Reykjavíkur.

Hagstofustjóri skal vera neindinni til aðstoðar.

#### 3. gr.

Sex manna nefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum um slíkan verðlagsgrundvöll, þá skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

Samhliða því að sex manna nefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgr. þessarar gr., skal framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara og um smásöluálagningu, til verðlagningar á söluvörum landbúnaðarins frá

byrjun viðkomandi verðlagsárs. Jafnframt skal framleiðsluráð leggja fyrir nefndina tillögu um hækkunir á söluverði kindakjöts og garðávaxta vegna geymslukostnaðar á verðlagsárinu. Sex manna nefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvæðis í heildsölu og smásölu og um geymslukostnað kindakjöts og garðávaxta.

Nú næst ekki samkomulag í sex manna nefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsg. þessarar gr., eða varðandi verðlagningu söluvara samkvæmt 2. málsg. þessarar gr., og skal þá vísa ágreiningsatriðum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum framleiðenda í sex manna nefnd, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni. Yfirnefnd fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.

Ákvæðin um yfirnefnd gilda meðan verð landbúnaðarvæðis er greitt niður með opinberu fé eða greiddar eru útflutningsuppbætur á þær.

#### 4. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðis til framleiðenda samkvæmt 3. gr. gildir fyrir eitt ár í senn frá byrjun hvers verðlagsárs 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi í sex manna nefnd. Verðlagsgrundvöllur hvers árs framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða fulltrúum neytenda fyrir 1. marz á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af sex manna nefnd.

#### 5. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. ágúst ár hvert afla fullnægjandi gagna handa sex manna nefnd um framleiðslukostnað landbúnaðarvæðis og um afurðamagn, svo og um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal á ári hverju afla fullnægjandi gagna um dreifingar- og vinnslukostnað landbúnaðarvæðis og leggja þau fyrir sex manna nefnd svo tímanlega, að verðlagningu samkvæmt 3. gr. geti verið lokið á tilsettum tíma, sbr. ákvæði 4. gr.

#### 6. gr.

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvæðis — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. marz og 1. júní, vegna breytingar kaupgreiðsluvísitölu eða vegna hækkunar grunnkaups, í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl. Nú telur framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt nefndu lagaákvæði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar, og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

Nú telur framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvæðis til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar, og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

7. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. september, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garðávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti sem framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði, samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., skal það án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar, og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

8. gr.

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

9. gr.

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. málsgr. þessarar gr.

10. gr.

Kostnaður við framkvæmd þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun og úrvinnslu gagna, sem það leggur fyrir sex manna nefnd.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld öll eldri lagaákvæði, er brjóta í bág við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara fyrir verðlagsárið 1. september 1959—31. ágúst 1960 skal ákveðinn eftir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði 1. og 3. málsgr. 3. gr. þessara laga. Jafnframt skal ákveða söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsgr. 3. gr. þessara laga.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1959.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*